

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 26. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Breytingin tekur til Eiðsvallagötu 34, 36 og 38 og felur í sér að byggingarreitir eru uppfærðir miðað við þegar byggð hús. Þá er byggingarreitur Eiðsvallagötu 34 stækkaður til að rúma lyftuturn.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr., og ekki var talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 10. júlí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Breytingin tekur til Langamóa 1-3 og felur í sér að hámarksbyggingarmagn innan hvors byggingarreits minnkar um 185 fermetra, fer út 800 fermetrum í 615 fermetra.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr., og ekki var talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. febrúar 2025,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 14. mars 2025